



Frá farsóttanefnd Landspítala vegna barnshafandi starfsmanna og nema

COVID-19 veiran virðist hvorki leggjast sérstaklega á barnshafandi konur né nýfædd börn.

Það sem vitað er nú um veiruna og áhrif á barnshafandi konur er að veiran getur leitt til öndunarfærasýkingar hjá móður en berst ekki til fósturs. Veiran leiðir ekki til fósturláta svo vitað sé eða smitar fóstur á meðgöngu.

Barnshafandi kona sem er með alvarlegan undirliggjandi sjúkdóm getur verið í meiri hættu á að fá lungnabólgu eða aðra fylgikvilla.

Til að minnka líkur á smiti gilda sömu leiðbeiningar og fyrir almenning og skynsamlegt er að halda hvers kyns samskiptum í lágmarki. Halda góðri fjarlægð frá öðrum og gæta að hreinlæti. Þungaðar konur sem vinna störf þar sem þær þurfa að vera í samskiptum við marga ættu að ræða við vinnuveitanda sinn hvort hægt sé að breyta vinnutilhögun þannig að samskipti séu við sem fæsta. Ef einhver vafamál eða undirliggjandi sjúkdómar er ráðlagt að ráðfæra sig við heilsugæslulækni á Heilsuveru.

Sýkingavarnir þær sem eru viðhafðar í umönnun sjúklinga með COVID-19 eru mjög öflugar og eru síst meiri líkur á því að þungaðar konur sýkist við slík störf en í samskiptum við samstarfsmenn eða aðra utan heilbrigðisstofnana.

Rétt notaður hlífðarbúnaður veitir vörn gegn smiti og handhreinsun er mjög mikilvæg við rof smitleiða.

21.3.2020